

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

4. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017

Haldinn 4. desember 2015 í skrifstofu 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marínósson formaður, Magnús Gunnarsson (Haukar), Karl Georg Klein (SH), Ólafur Ragnarsson (Fjörður), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Viðar Halldórsson (FH), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Sigurjón Andersen (KK), Þórarinn Sófússon (GSE), Þórunn Ansnes (Sörli) og Hörður Þorsteinsson (BH). Forföll: Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Ingvar Kristinsson (Björk) og Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir).

Dagskrá:

- 1. Afhending stjórnarskírteina ÍBH fyrir 2015-2017**
Stjórnarskírteinin veita ókeypis aðgang á íþróttaviðburði í Hafnarfirði.
- 2. Fundur um Afreksíþróttamiðstöð 24. nóvember sl.**
Framkvæmdastjóri ÍBH sótti fundinn. Á fundinum var tilkynnt um að hætt væri við hlutafélagshugmyndina og að Afreksíþróttamiðstöðin yrði hluti af afreksíþróttasviði ÍSÍ. Gagnagrunnur sem geymir íþrótt- og heilsufarsmælingar yrði kláraður. Sækja þarf um aðgang að gagnagrunninum. Fagråd verður sett á laggirnar sem vottar aðila sem mega framkvæma mælingar og setja upplýsingar inn í gagnagrunninn. Einnig er stefnt að því að auðvelda aðgengi íþróttamanna að læknameðstöðvum.
- 3. Aðildarumsókn Brettafélags Hafnarfjarðar í ÍBH**
Farið var yfir aðildarumsókn félagsins og hún samþykkt. Samþykkt að félagið skuli greiða kr. 50.000 til bandalagsins í inntökugjald.
- 4. Fundur ÍSÍ með héraðssamböndum og íþróttabandalögum 27. nóvember sl.**
Framkvæmdastjóri ÍBH sótti fundinn. Tvö mál voru á dagskrá fundarins. Í fyrsta lagi kynning Viðars Sigurjónssonar starfsmanns ÍSÍ á Fyrirmyndarhéruðum ÍSÍ og í öðru lagi kynning og umræður um skýrslu samstarfsnefndar íþróttahéraðanna.
- 5. Formannafundur ÍSÍ 27. nóvember sl.**
Formaður ÍBH sótti fundinn og greindi frá málefnum hans.
- 6. Stefnumótun Capacent**
Capacent sendi uppfærða stefnumótun til félaganna 26. nóvember sl. Félögin beðin um að gera athugasemdir eða koma með ábendingar fyrir lok fyrstu viku janúar á næsta ári og að kynna sér næstu skref í framkvæmdaferlinu.
- 7. Tillaga á 49. sambandsþingi UMFÍ**
Tillaga um inntöku íþróttabandalaga í UMFÍ var tekin fyrir á 49. sambandsþingi UMFÍ sem var haldið 17. og 18. október sl. í Vík í Mýrdal. Samþykkt var að hefja undirbúning að inntöku íþróttabandalaga í

UMFÍ og að bjóða íþróttabandalögum að tilnefna fulltrúa í nefndir á vegum UMFÍ.

8. **Vinabæjarsamstarf við Cuxhaven 2015-2016**

Haldinn var fundur föstudaginn 27. nóvember sl. um æskulýðs- og íþróttahéimsóknir ungmenna. Í október sl kom handknattleikshópur frá Cuxhaven til Hafnarfjarðar og sá handknattleiksdeild FH um móttöku hópsins. Í lok júlí á næsta ári fer handknattleikshópur frá FH til íþróttafélagsins Altenwalde í Cuxhaven.

9. **Staðan á endurskoðun þjónustu- og rekstrarsamninga við íþróttahreyfinguna**

Mánudaginn 30. nóvember sl fundaði framkvæmdastjórn ÍBH með Hafnarfjarðarbæ um endurskoðun samninganna. Íþróttafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar sendi kynningu um stöðu samningaviðræðna til félaganna 1. desember sl. Félögin eru beðin um að kynna sér vel gildandi samninga og tillögu varðandi nýja samninga fyrir sitt félag og að koma með fyrirspurnir og athugasemdir til Geirs Bjarnasonar íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar.

10. **Stuttmynd á Evrópuþegi um vernd barna**

Evrópuráðið styrkti gerð 3ja mínútna myndbands á íslensku um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Stýrihópur ráðuneyta velferðar, innanríkis og mennta- og menningarmála um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess hafa farið þess á leit við grunnskóla, stofnanir og félagasamtök að vekja athygli á forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi. Barnaverndarstofa og umboðsmaður barna hvetja til þess að myndin verði sýnd sem víðast. Þannig verður stuðlað að aukinni umræðu og samfélagsvitund um kynferðislegt ofbeldi. Myndbandið sem greint er frá hér að ofan má finna undir tenglinum

http://www.velferdarraduneyti.is/media/frettatengt2015/Vernd_barna_gegn_kynferdislegu_ofbeldi_1280-720.mp4

Mikilvægt að þjálfarar 9-13 ára barna kynni sér myndbandið.

11. **Ferðasjóður íþróttafélaga hjá ÍSÍ**

Búið að opna fyrir umsóknargátt á heimasíðu ÍSÍ. Frestur til að skila inn umsóknum vegna keppnisferða innanlands á fyrirfram ákveðin styrkhæf mót á árinu 2015 rennur út á miðnætti mánudaginn 11. janúar 2016.

12. **Kosning ÍSÍ bikar**

Farið yfir handhafa bikarsins frá 2005. Umsóknir kynntar. Niðurstaðan er trúnaðarmál fram að Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar sem fer fram þriðjudaginn 29. desember nk.

13. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Bréf frá ÍSÍ dagsett 29. október sl óskað eftir úttekt á fjárreiðum dansípróttafélaga o.fl.
- b). Bréf nóvember 2015 frá Hyggi ehf um að KPMG hafi yfirtekið rekstur Hyggis 1. október sl.

14. Önnur mál

- a). HÞ spurði af hverju kára BH gegn ÍBH hafi ekki verið kynnt á stjórnarfundum ÍBH. HM svaraði því til að stjórn ÍBH hafi vísað deilumáli BH og Hauka til framkvæmdastjórnar ÍBH. Framkvæmdastjórn ÍBH tók ákvörðun í deilumálinu sem henni ber að gera samkvæmt lögum bandalagsins, sem BH kærði til Ípróttadómstóls ÍSÍ, þar sem málið er ennþá.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.15 og lauk kl. 19.55.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.